

Samhygðar- og Vökumót 2009

Íþróttamót Samhygðar og Vöku verður haldið á íþróttavellinum við Þjósárver sunnudaginn 16. ágúst nk. og hefst stundvíslega kl. 13:00.

Keppt verður í eftirtöldum greinum:

Karlar: 100 m hlaup, langstökk, þristökk, hástökk, kúluvarp, kringlukast og 800 m hlaup.

Konur: 100 m hlaup, langstökk, þristökk, hástökk, kúluvarp, spjótkastr og 800 m hlaup.

Að móti loknu verður verðlaunaafhending og kaffidrykkja í Þjósárveri. Fólki er hvatt til að fjölmenna á mótið, hvort heldur er sem keppendur, áhorfendur eða starfsmenn.

Umf. Vaka

Dagskrá mánaðarins

Vinna í Villingaholtskirkjugarði	6. ágúst
Íþróttæfing í Þjósárveri og Einbúa	11. ágúst
Kvöldganga um Ásaveg	12. ágúst
Samhygðar- og Vökumót	16. ágúst
Íþróttæfing í Þjósárveri og Einbúa	18. ágúst
Reiðtúr Umf. Vöku	22. ágúst
Skólasetning Flóaskóla	24. ágúst
Íþróttæfing í Þjósárveri og Einbúa	25. ágúst
Flóamót í Einbúa	29. ágúst
Landskeppni Smalahunda	29.-30. ágúst

Áveitan

8. tbl. 3. árgangur. Ágúst 2009.

Flóamót í Einbúa

Þann 29. ágúst fer fram Flóamót Umf. Baldurs, Samhygðar og Vöku í frjálsum íþróttum barna 14 ára og yngri. Mótið fer fram á Hinu fallega félagssvæði UMF Baldurs í Einbúa og hefst keppni stundvíslega kl. 13:30.

Flokkaskipting og keppnisgreinar eru sem hér segir:
Hnátur og hnokkar 10 ára og yngri.
60 m, langstökk og 400 m.
Strákar og stelpur 11 til 12 ára.
60 m, langstökk, kúluvarp og 400 m.
Piltar og telpur 13 til 14 ára.
100 m, langstökk, kúluvarp og 800 m.
Sameiginlegt lið allra flokka: 10x 60 m boðhlaup.

Nú er um að gera fyrir félögin að safna liði og heyja síðan skemmtilega og spennandi keppni.

Umf. Baldur



1



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Nýtt netfang

Fanney Ólafsdóttir, einn af ritstjórum Áveitunnar hefur fengið nýtt netfang, fanneyo@emax.is. Gamla netfangið fanneyo@visir.is verður áfram virkt eitthvað fram eftir sumri en fólk er vinsamlegast beðið að senda efni í næstu Áveitu á það nýja.

Ritstjórn

Frá sveitarstjóra

Skólaakstur

Í haust er stefnt að því að kenna 8. bekk í Flóaskóla í fyrsta skipti eins og áður hefur verið kynnt. Við það fækkar ferðum í Vallaskóla en einungis er reiknað með að tveir skólabílar annast akstur þangað í stað þriggja áður.

Guðrún Jónsdóttir á Sandbakka og Sigurður Ingi Sigurðsson í Hamarskoti munu annast akstur í Vallaskóla næstkomandi vetur.

Reiknað er með að Guðrún fari niður Villingaholtsveg, Oddgeirshólaveg að Langholti og þaðan niður Flóaveg á Selfoss.

Sigurður Ingi mun fara Hamarsveg frá Hamarskoti, niður Gaulverjabæjarveg á Selfoss. Flóahreppur er ekki með skipulagðan skólaakstur í Fjölbautarskóla Suðurlands en ef nemendur í FSU á þessum leiðum hafa áhuga á að fá far með skólabílum á Selfoss má hafa beint samband við skólabílstjórana og ræða um möguleika á því ef pláss og aðstæður leyfa.

Vatnsmál

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tekur reglulega sýni úr vatnslindum sveitarfélagsins. Gæði vatns úr Ruddakróks/Urriðafoss lind eru ekki nægilega góð og eru íbúar hvattir til að sjóða neysluvatn sitt í öryggisskyni meðan unnið er að úrbótum við endurheimt vatnsgæða þar.

Notendur vatns úr Ruddakróks/Urriðafoss lindinni eru á Vatnsenda, Vatnsholti, í Kolsholtshverfinu, í Villingaholti og Þjórsárveri, allir bæir við Hamarsveg og Vorsabæirnir, Hellnabæir að Tungu og Hólum að Baugsstöðum og einnig að Lækjarbakka. Ennfremur hús við Villingaholtsveg hjá Mjósyndi að Ragnheiðarstöðum. Búið er tengja Vatnsveitu Flóahrepps við Vatnsveitu Árborgar, bæði við Selfoss og Stokkseyri.

Vatnssýni hefur verið tekið úr Bitrulindinni og reiknað er með að tengja hana við lögna frá Þingdal sem liggur niður fyrrum Hraungerðishrepp til að tryggja nægilegt vatnsmagn í þeim hluta sveitarfélagsins.

Ruddakrókslindin þornaði upp á mjög skömmum tíma og er um að kenna þurrkar og stór leki sem fannst milli Kolsholts og Vorsabæjarhóls.

Tómas Karl Guðsteinsson og Rúnar Hjálmarsson voru hluti af liði HSK í knattspyrnu, en liðið lenti í 6 sæti.

Úrslit af 2. innanfélagsmóti Vöku.

Hástökk Karlar		Spjótkest Konur	
1. Bjarni Már Ólafsson	1,65m	1. Guðmunda Ólafsdóttir	24,75 m
2. Haraldur Einarsson	1,55m	2. Helga B. Helgadóttir	21,00 m
3. Tómas K. Guðsteinsson	1,20m	Þrístökk Karlar	
Hástökk Konur		1. Haraldur Einarsson	12,58 m
1. Guðmunda Ólafsdóttir	1,20 m	2. Bjarni Már Ólafsson	11,80 m
2. Helga B. Helgadóttir	1,20 m	3. Tómas K. Guðsteinsson	9,05 m
Spjótkest Karlar		Þrístökk Konur	
1. Bjarni Már Ólafsson	39,53 m	1. Helga B. Helgadóttir	8,38 m
2. Haraldur Einarsson	37,77 m	2. Fanney Ólafsdóttir	8,26 m
3. Tómas K. Guðsteinsson	23,94 m	3. Guðmunda Ólafsdóttir	8,07 m

Vormót ÍR

Haraldur Einarsson keppti í 400 m hlaupi á Vormóti ÍR á Laugardalsvelli 10. júní sl og náði þar 4. sæti á tímanum 53, 29 sek.

Meistaramót Íslands

Haldið á Kópavogsvelli dagana 4. - 5. júlí

Bjarni Már Ólafsson	100m hlaup	12,07sek	22. sæti
	Langstökk	5,73m	7. sæti
	Spjótkest	37,84m	8. sæti
	200m hlaup	24,67sek	13. sæti
	Þrístökk	12,27m	6. sæti
	4x100m boðhlaup	45,11sek	6. sæti
Haraldur Einarsson	100m hlaup	11,71sek	13. sæti
	400m hlaup	51,40sek	9. sæti
	200m hlaup	23,51sek	6. sæti
	Þrístökk	12,87m	4. sæti
	4x100m boðhlaup	45,11sek	6. sæti

Gaulverjaballið nálgast!

Gaulverjaballið í Félagslundi verður haldið 26. september næstkomandi. Nú hefur nefndin ráðið Jón Skeiðung hinn síkátta til að spila fyrir dansi. Takið kvöldið frá.

Nefndin

Fréttir frá Umf. Vöku

Ungmennafélagsreiðtúrinn

Reiðtúr Ungmennafélagsins Vöku verður farinn laugardaginn 22. ágúst. Hittast á í Egilsstaðakoti kl 13:30 og þaðan verður riðið í Dælarétt og nesti borðað sem hver og einn kemur með fyrir sig. Leiðsögumaður verður Einar Hermundsson í Egilsstaðakoti. Ungir sem aldnir hestamenn eru hvattir til að fjölmenna. Ef fólki vantar hross má tala við Guðmundu í síma 846-9775 og hún reynir að bjarga máluum.

Kvöldganga um Ásaveg

Gönguferð Umf. Vöku verður farin miðvikudaginn 12. ágúst. Hittast verður við Orrustadal kl 20:00 og Ásavegurinn genginn. Ef það verður norðanátt verður keyrt að Hnausi og leiðin gengin til suðurs. Gangan er ekki erfið og fær börnum sem fullorðnum, en leiðin er um 6 km löng. Gott er að hafa örlitla hressingu meðferðis. Allir eru velkomnir í gönguna.

Skemmtinefnd

Góður árangur á Landsmótinu á Akureyri

Okkar fólk stóð sig vel á Landsmóti UMFÍ sem fram fór á Akureyri 9.-12. júlí sl. og höluðu Vökumenn inn mörgum stigum fyrir HSK sem varð í 2. sæti á mótinu.

Hér birtist árangur okkar fólks:

Haraldur Einarsson	langstökk:	6,37 m.	4. sæti
	200 m.	23,30 sek.	5. sæti
	100 m.	11,43 sek.	10. sæti
	4x100 m. boðhlaup.	45,63 sek.	6. sæti
	1000 m boðhlaup	2:06,30 mín	7. sæti
	Starfshlaup	152 stig	3. sæti
Bjarni Már Ólafsson	langstökk	5,73 m.	16. sæti
	100 m	11,92 sek.	21. sæti
	þrístökk.	12,80 m.	5. sæti
	4x100 m. boðhlaup.	45,63 sek.	6. sæti
	1000 m boðhlaup	2:06,30 mín	7. sæti
Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Hástökk	1,55 m.	10. sæti
	Starfshlaup	183 stig	1. sæti
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	Kúluvarp	8,79 m.	8. sæti
	Kringlukast	24,85 m	8. sæti
Fanney Ólafsdóttir	Kringlukast	22,30 m	11. sæti
	Pönnukökubakstur		1. sæti
	Lagt á borð		15. sæti
Þórir Haraldsson	Starfshlaup	103 stig	17. sæti
Jón Valgeir Geirsson	Dráttarvélaakstur	85,5 stig	4. sæti
Sigmar Örn Aðalsteinnsson	Dráttarvélaakstur	84 stig	5. sæti
Erla Björg Aðalsteinsdóttir	Gröðursetning		15. sæti
Guðmunda Ólafsdóttir	Lagt á borð		16. sæti
Kristín Stefánsdóttir	Jurtagreining	36 stig	8. sæti
Kolbrún Júlíusdóttir	Jurtagreining	35 stig	9. sæti

Vatni úr Urriðafossflöndinni var dælt í Ruddakrök en því miður hefur vatnið þaðan ekki verið í nógu góðu lagi.

Reiknað hafði verið með að framkvæmdir við vatnsöflun úr Rangárþingi ytra í samstarfi við Rangárþing og Ásahrepp væru langt komnar í sumar en sú vinna fór út um þúfur þar sem sveitarfélögin austan Þjórsár gátu ekki fjármagnað framkvæmdina að sinni.

Farið var í viðræður við fulltrúa Árborgar og gengur undirbúningsvinna vel. Reiknað er með að virkja nýja lind undir Ingólfsfjalli og leggja lögn með Flóavegi að miðlunartanki í Ruddakrök.

Samúelslind í Þingdal verður áfram nýtt, lagt verður rafmagn að henni og dæla gangsetti til að þjóna m.a. sumarhúsaþbyggð í Skálmholtslandi, Merkurhrauni og Merkurlaut. Neistastaðalindir, Ruddakrókslind og Urriðafossflönd verða aflagðar.

Íbúar og vatnsnotendur eru beðnir velvirðingar á óþægindum sem þetta ástand skapar þeim og vonast er til að íbúar þurfi ekki að upplifa fleiri sumur með litlu og slæmu neysluvatni.

Íbúar sem eru á Ruddakróks/Urriðafossvatnslögn geta fengið afhent vatn í flöskum á skrifstofunni á opnunartíma en vatnsverksmiðjan Icelandic Water Holdings ehf í Ölfusi hefur afhent sveitarfélaginu vatn án endurgjalds til íbúa Flóahrepps.

Skólamáli

Á fundi sveitarstjórnar 13. júlí s.l. var ákveðið að fara í framkvæmdir við viðbyggingu Flóaskóla en sveitarstjórn hafði óskað eftir sérfræðilíti frá KPMG vegna fjárfestingarinnar.

Niðurstaða álits var að sveitarfélagið hafi nægt fjármagn til að ráðast í framkvæmdir og að breyting á rekstri skólamála muni ekki hafa verulega íþyngjandi áhrif fyrir sveitarfélagið.

Óskað var eftir verðhugmyndum í framkvæmdir og bárust 24 hugmyndir frá 15 aðilum. Samþykkt var að ræða við þá sex aðila sem sendu inn lægstu verðhugmyndirnar um hugsanlega aðkomu að framkvæmdinni. Þessir aðilar voru Eyktarárs ehf, Kríutangi ehf, Smíðandi ehf, Tindaborgir ehf, Tré og straumur ehf og Ör Tréverk ehf.

Sveitarstjórn kynnti sér innsendar verðhugmyndir og samþykkti á fundi 30. júlí að farið yrði í samningaviðræður við Smíðanda ehf sem voru með hagstæðustu hugmyndirnar að mati sveitarstjórnar.

Jarðvegsvinna

Á fundinum 13. júlí s.l. var einnig samþykkt að efna til lokaðs útboðs vegna nauðsynlegra jarðvegsframkvæmda við stækkun skólans.

Þeir aðilar sem valdir voru til þátttöku voru fimm verktakar sem allir eru búsettir í Flóahreppi. Þeir sendu inn tilboð og var Helgi Sigurðsson í Súluholti með lægsta tilboðið.

Vonast er til þess að unnt verði að hefja jarðvegsframkvæmdir í byrjun ágúst.

Umhverfisverðlaun

Lokafrestur til að skila inn hugmyndum og tillögum um umhverfisverðlaun 2009 rennur út 10. ágúst n.k.

Íbúar eru hvattir til að taka þátt og þar með veita viðurkenningu þeim aðilum, fyrirtækjum og/eða félagsamtökum sem hafa staðið sig vel í umhverfismálum enda óhætt að segja að íbúar séu meðvitaðir um umhverfi sitt og umhverfismál. Það er mikilvægt og nauðsynlegt fyrir þá sem hafa gert gangskör eða skarað framúr í snyrtingu og fegrun umhverfis að fá viðurkenningu fyrir það en ekki síður fyrir samfélagið í heild að skapa sér ímynd sem snyrtilegt og umhverfisvænt sveitarfélag.

Álagningarskrá

Álagningarskrá opinberra gjalda einstaklinga fyrir tekjuárið 2008 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg til 13. ágúst n.k.

Húsaleigubætur

Nemendur sem ætla að nýta sér húsaleigubætur næsta skólaár eru minntir á að skila inn umsókn, þinglýstum húsaleigusamningi, staðfest ljósrit af skattframtali og launaseðlar síðustu þriggja mánaða.

Allar frekari upplýsingar gefur Guðrún í síma 480-4370.

Úrslit Samhygðarfólks af Landsmóti UMFÍ á Akureyri

Samhygðarfólk lagði sín lóð á vogarskálarnar fyrir HSK á Landsmóti UMFÍ sem fór fram á Akureyri 9.- 12. júlí síðastiðinn. Mest munaði um framlag Samhygðar til glímunnar en af 14 manna glímusveit Skarphéðins átti Samhygð 6 keppendur. Hér að neðan má sjá árangur keppanda Samhygðar.

Frjálsar íþróttir

Kristinn Þór Kristinsson	800 m	2:01,93	9. sæti
	1500 m	4:18,95	5. sæti

Glíma vinningar

Hugrún Geirsdóttir	-65 kg	2	1. sæti
Áslaug Ýr Bragadóttir	+65 kg	2	3. sæti
Marín Laufey Davíðsdóttir	+65 kg	1	4. sæti
Ingibjörg Markúsdóttir	+65 kg	0	5. sæti
Jón M. Ívarsson	-90 kg	0	5. sæti
Stefán Geirsson	+90 kg	4	1. sæti

Starfsíþróttir

Hugrún Geirsdóttir	Pönnukökubakstur	11. sæti
Jón M. Ívarsson	Stafsetning	3.-4. sæti
Áslaug Ívarsdóttir	Stafsetning	12.-16. sæti
Stefán Geirsson	Dráttarvélaakstur	20. sæti

Anný Ingimarsdóttir spilaði með blakliði HSK sem hafnaði í 4. sæti í kvennakeppninni.

Pistillinn

Allt þetta byrjaði um 5 ára aldurinn þegar lítill smátittur að nafni Haukur Gíslason fékk að fara á íþróttæfingu í fyrsta skiptið. Eitthvað hefur æfingin verið skemmtileg því í nokkur ár á eftir var maður hlaupandi, hoppandi, stökkvandi og kastandi á íþróttamótum eins og enginn væri morgundagurinn. Fótbolta og íþróttæfingarnar í Einbúa voru mikil tilhlökkunarefni þar sem ekki mátti missa úr neina einustu æfingu. Þar voru allir jafningjar og nutu sín í botn og hef ég oft hugsað um hversu þroskandi og gefandi var að vera í litlum hópi að æfa íþróttir með Umf. Baldri. Félagslífið sem tengdust æfingunum voru mikil, farið var í bíóferðir, skautuferðir, grillað í Einbúa svo fátt eitt sé nefnt. Talandi um félagslega gildið þá urðu mikil tímamót á fermingarárinu mínu en þá fékk maður að starfa í nefndum, leika og taka þátt í undirbúningi þorrablótsins á vegum ungmennafélagsins, manni leið svolítið eins og fullþroskaður og stór karlmaður (þótt lítill sé) að taka þátt í þessu öllu saman. Það kom á daginn að gamanið sem var í kringum þetta var svo mikið og minningarnar sem fylgdu í kjölfarið að maður er enn að taka þátt í þessu starfi. Nú er ég formaður Umf. Baldurs á annarri starfsöld félagsins og má segja að starf félagsins hafa sjaldan eða aldrei verið eins blómlegt og nú.

Skora ég á Skeggja Gunnarsson, manninn með hinn sanna ungmennafélagsanda, að skrifa næsta pistil Áveitunnar.

Haukur Gíslason

Frá Tré og list Forsæti

Nú hefur verið opnuð þriðja sýning sumarsins. Það er Ásmundur Friðriksson sem er með myndlistarsýningu. Ásmundur er teiknari að upplagi og hefur lengst af notast við pastel og kol þegar hann glímur við myndir af fólki en síðustu 15 árin notað olíu þegar hann málar landslag og fleira. Á sýningunni má m.a. sjá þjóðþekktar persónur. Áformað er að sýning Ásmundar standi fram í september.

Tamning, þjálfun og járnningar

Tek að mér hross í tamningu og þjálfun í sumar, er með aðstöðu í Kolsholti í Flóahrepp. Tek einnig að mér járnningar. Er á hestabrautinni í FSU. Nánari upplýsingar gefur Guðjón Sigurliði í síma 6611880 eða 4863332.

Frá Villingaholtssókn

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar var haldinn í Þjórsárverri 7. maí s.l. Kosin var ný sóknarnefnd og hana skipa:

Anna Fía Ólafsdóttir, Skálatjörn, formaður og kirkjuhaldari

Þórunn Kristjánsdóttir, Vatnsenda, ritari

Sólveig Þórðardóttir, Skúflæk II, gjaldkeri.

Ýmis málefni komu til tals, m.a. að gluggar kirkjunnar verða málaðir að innan í sumar, en fengist hefur styrkur frá húsfriðunarnefnd til þess, rætt um hvort eigi að yfirdekkja bekkina, rætt um að sáluhliðið þurfi viðgerðar við og hefur verið ráðinn maður til þess verks, ásamt ýmsu fleiru.

Kæru sóknarbörn Villingaholtssóknar

Við í sóknarnefndinni höfum mikinn áhuga á að gera kirkjugarðinn okkar fallegan aftur. Eins og þið kannski vitið þá verður kirkjan okkar 100 ára eftir 2 ár og væri þá gaman að garðurinn væri orðinn fallegur. Eins og staðan er núna þá er víðirinn sem er í kring um garðinn að miklu leyti ónýtur/dauður og sjáum við okkur ekki annað fært en að rífa hann allan upp og setja síðan eitthvað nýtt í staðinn. Eins er líka víðirinn í kring um aðstöðuhúsið ónýtur og kominn á kaf í gras, og gangstígurinn er líka í ólestri. Nú erum við búin að prófa að rífa upp hluta af víðinum og sjáum hvernig þetta gengur fyrir sig og besta lausnin er að rífa víðinn upp með rótum og planta svo nýju í staðinn næsta vor. Þetta er mjög mikil vinna og nú langar okkur að biðja ykkur kæru nágrannar og sóknarbörn að hjálpa okkur við þetta mikla verk. Við höfum því ákveðið að fimmtudagskvöldið 6. ágúst frá kl. 20.00, væri gaman að sjá sem flesta koma og hjálpa okkur við þetta, í boði verður kaffi, gos og prins póló, sem smá þakklætisvottur.

Það sem við þurfum að biðja ykkur að koma með eru nokkrir traktorar með rúllugreip og t.d., borðar og krókar sem hægt væri að krækja utan um trén og hífa upp. Best væri að nægur mannskapur kæmi þannig að þetta gengi vel fyrir sig, þ.e. einn mann/konu í hvern traktor og annan/ aðra sem sér um að binda utan um trén, síðan yrði trjágámur á staðnum til að setja þetta í. Vinsamlega látið Sólveigu s. 869 6534 eða Önnu Fíu s: 483 3570/848 3992 vita ef þið sjáið ykkur fært að mæta.

Kæru vinir sýnum nú samhug í verki og við hlökkum til að sjá ykkur.

Sóknarnefndin

Frá Flóaskóla

Skólastarfið hefst að nýju nú í ágústmánuði eftir gott sumarfrí. Verkefni nýs skólaárs verða mörg og krefjandi og tengjast að stórum hluta nýjum 8. bekk við skólann. Nemendur og kennarar 8. bekkjar verða frumkvöðlar í þessu krefjandi verkefni, í samstarfi við skólastjórnendur og fræðslufyrirvöld, og munu njóta þeirra forréttinda að þróa nýtt starf. Þeirri vinnu fylgir heilmikil ábyrgð en að sama skapi sveigjanleiki og tækifæri til að hafa áhrif á mótun starfsins. Kennarar yngri barnanna hafa einnig ákveðið að vinna samvinnuverkefni í 1.-4. bekk sem tengjast íslensku og stærðfræði og bjóða nemendum þessara árganga að hluta til upp á hópvinnu og árgangablöndun í þeirri vinnu. Sérkennari og stuðningsfulltrúar munu aðstoða við þessi spennandi verkefni þar sem áfram verður horft til þess að veita nemendum og foreldrum þeirra sem besta þjónustu.

Fyrirhuguð stækkun Flóaskóla mun gefa okkur tækifæri til áframhaldandi uppbyggingar og þróunar á skólastarfinu. Eins og flestir vita er núverandi húsnæði of lítið fyrir starfsemina og stór hluti skólahúsnæðisins farinn að þarfnast töluverðs viðhalds. Kennslustofur list- og verkgreina eru allar of litlar og og hafa krafist þess að tvo kennara hefur þurft fyrir skiptingu hópa oftar en annars. Vinnuherbergi kennara og skrifstofurými eru of lítil og kaffistofa rúmar ekki lengur alla starfsmenn skólans. Vinnurými þarf fyrir sérfræðiaðstoð, t.d. vegna skólahjúkrunarfræðings, sálfræðings, námsráðgjafa og þroskaþjálfara. Það er því ljóst að viðbót við skólann mun bæta alla aðstöðu nemenda og starfsfólks til muna. Gengið hefur verið frá ráðningu Huldu Kristjánsdóttur í starf deildarstjóra við skólann. Hulda hefur starfað við Flóaskóla sl. 2 skólaár sem umsjónarkennari og íþróttakennari. Hún mun áfram kenna íþróttir og sund og vera umsjónarkennari í 8. bekk í vetur og sinna verkefnum tengdum skólastjórnun samhliða því. Skólastjóri og deildarstjóri hefja störf þriðjudaginn 4. ágúst. Kennarar munu flestir sækja námskeið dagana 10.-14. ágúst og mæta til starfa í skólann mánudaginn 17. ágúst. Skólasetning verður mánudaginn 24. ágúst og verður nemendum sent bréf heim þess efnis. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 25. ágúst kl. 8:10. Sama dag verður skólavistun opnuð fyrir þau börn sem þar verða skráð. Skráningarblöð vegna skólavistunar verða send foreldrum barna í 1.-4. bekk í byrjun ágúst.

Í júní var auglýst eftir stundakennurum í ensku, íslensku og heimilisfræði og starfsmanni í skólavistun. Gengið hefur verið frá ráðningu Ernu Jóhannesdóttur í hlutastarf í enskukennslu í 3.-8. bekk og íslenskukennslu í 8. bekk. Sigrún Árnadóttir mun áfram sinna stundakennslu í heimilisfræði. Rúnar Hjálmarsson hefur verið ráðinn sem starfsmaður skólavistunar og stuðningsfulltrúi í hlutastarfi. Nýráðinn þroskaþjálfari, Jóhanna Margrét Eiríksdóttir, hefur störf 4. ágúst og mun hafa tvær starfsstöðvar, í Flóaskóla og í Krakkaborg. Þroskaþjálfari mun starfa í nánu samstarfi við samstarfsfólk sitt og þróa ný verkefni við skólann. Að öðru leyti er starfsmannahald með nokkuð óbreyttu formi frá fyrra skólaári. Áfram er horft til þess að eiga gott samstarf við leikskólann Krakkaborg,

Tónlistarskóla Árneseinga og ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vöku.
Foreldrar og nemendur fá sendar heim upplýsingar fljótlega um nýtt fyrirkomulag á innkaupum vegna námsgagna. Auk þess verður þeim sent skóladagatal og upplýsingar um upphaf skólafarsins.

Ég hlakka til að eiga áfram gott samstarf við alla þá sem að skólafarsinu koma og horfi með eftirvæntingu til nýrra og krefjandi verkefna við Flóaskóla.

Með bestu kveðjum,
Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri
kristin@floahreppur.is / gsm 663-5720

Héraðsleikar HSK

Hér koma úrslit af Héraðsleikum HSK sem haldnir voru í Þorlákshöfn 27. júní og sagt var frá í síðustu Áveitu. Nokkrir frískir krakkar kepptu fyrir Þjóta á mótinu og varð þeirra árangur þessi:

Dagur Fannar Einarsson	'02	Langstökk	2,13 m	7. sæti
		60m hlaup	12,30 sek	5. sæti
		400m hlaup	1:46,70 mín	5. sæti
Ýmir Atlason	'00	Langstökk	2,89 m	3. sæti
		60m hlaup	11,83 sek	3. sæti
		400m hlaup	1:35,25 mín	4. sæti
Stefán Narfi Bjarnason	'00	Langstökk	2,98 m	2. sæti
		60m hlaup	11,42 sek	2. sæti
		400m hlaup	1:34,67 mín	3. sæti
Eyrún Gautadóttir	'99	Langstökk	3,09 m	3. sæti
		60m hlaup	11,18 sek	3. sæti
		400m hlaup	1:23,00 mín	2. sæti

Kornskurður

Nú líður senn að kornslætti og eru kornbændur hvattir til að huga tímalega að slætti. Sumarið er búið að vera hagstætt til kornræktar og ættu akrar að vera snemma tilbúnir.

Preskivél var yfirfarin í vetur og er tilbúin í slátt, fylgir henni kornvals með sýrudælu eins og áður. Sömu sláttumenn verða nú eins og tvö undanfarin haust, þeir Sigmar Örn Aðalsteinsson sími 696 8653 og Jón Valgeir Geirsson 892 9719. Sleppum ekki frá okkur góðum dögum nú í ágúst, svo við töpum ekki uppskerunni í fugl og haustrigningar.

Stjórn Flóakorns

Landskeppni og aðalfundur Smalahundafélags Íslands

verður haldin í Miðengi í Grímsnesi helgina 29.-30. ágúst 2009.

Að þessu sinni heldur nýstofnuð Smalahundadeild Árneseyslu landskeppnina.

Félagsmenn eru rúmlega 20 og var mikill áhugi fyrir stofnun deildarinnar.

Öllum fjáreigendum er ljóst hversu dýrmætt er að eiga góðan smalahund.

Laugardagur 29. ágúst

Keppnin hefst á unghundum kl. 11.00, síðan verður keppt í B-flokk og endað á A-flokki.

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands verður haldinn í Miðengi á laugardaginn að lokinni keppni. Eftir aðalfundinn verður sameiginleg grillveisla fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. Matur verða seldur á aðeins kr. 1.000 fyrir manninn og er hann þá niðurgreiddur af félaginu.

Sunnudagur 30. ágúst

Keppnin hefst kl. 11.00 á keppni í B-flokk, og endað á A-flokki.

Skráning fer fram hjá Reyni Þór Jónssyni í síma 898-0929 fyrir 20. ágúst. n.k.

Upplýsingar um keppnisreglur er að finna á heimasíðunni

www.smalahundur.123.is

Unghundar teljast þeir hundar sem eru 3 ára og yngri miðað við fæðingadag.

Þeir hundar sem hafa náð 50 stigum eða meira í smalahundakeppni skulu keppa í A flokki.

Við hvetjum eigendur smalahunda til að mæta á Landskeppnina og taka þátt í skemmtilegri keppni. Við eigum von á frábærum hundum af öllu landinu og fjölda áhorfenda. Í Miðengi er veitingasala, tjaldstæði og snyrtiaðstaða. Þetta er kjörið tækifæri fyrir alla fjölskylduna að skella sér í útilegu og eiga góða helgi og frábæra skemmtun.

Mótsnefnd

Ferð eldri borgara í Flóahreppi

Að þessu sinni hefur verið ákveðið að ferðast um Rangárþing. Nánari dagsetning í seinni part ágúst eða byrjun september. Þeir sem hafa áhuga hafi samband við Rósu í síma 482-1923, Margréti 486-3393 eða Aðalheiði 486-3305.

Kvenfélögin í Flóahreppi